



Fundargerð.

Stjórn SSA mánudag 30. ágúst . kl. 17.00

Fundarstaður Vopnafjörður

Mættir eru : Ólafur Ármannsson. Guðmundur Ólafsson ,Ólafur Hr. Sigurðsson, Valdimar O Hermannsson , Páll Baldursson , Bj.Hafþór Guðmundsson og Eiður Ragnarsson (varamaður) Íris Valsdóttir hafði boðað forföll. Framkvæmdastjóri SSA er mættur.

Dagskrá:

Fundur settur:

Formaður setti fund og bauð menn velkomna . Hann óskaði eftir því að varaformaður Guðmundur Ólafsson taki við stjórn fundarins í liðum fundargerðir SSA 1/1 og 1./2. Hann óskaði eftir að fá að yfirgefa fundinn á meðan . *Samþykkt.*
BHG vék síðan af fundi.

1. Fundargerðir SSA:

Liðir 1/1 og 1/2.

G.Ó lagði til að báðar fundargerðir SSA , þ.e liður 1/1 framkvæmdaráð 20.07.10 og liður 1/2 fundargerð stjórnar SSA 1.-26.07. 2010 verði teknar fyrir og ræddir saman.

Samþykkt :

Farið var ítarlega yfir ráðningaferlið , niðurstöðuna , viðbrögð og þær athugasemdir og spurningar sem fram hafa komið í viðtölum og við stjórnarmenn.

Fundargerðirnar báðar síðan staðfestar:

1/3 fundargerð stjórnar SSA 2-26. Júlí 2010 :

Formaður mætir til fundar:

Framkvæmdastjóri upplýsti (liður 4. heildarendurskoðun jöfnunarsjóðs, samþykkt stjórnar SSA) að Smári Geirsson fulltrúi Austurlands í stjórn Sambandsins hafi tjáð sér að stjórnin hafi tekið erindi SSA fyrir á stjórnarfundi sl. mánudag og þar hafi framkvæmdastjóra verið falið að svara erindinu. Einnig ræddi S.G. við Kristján Möller sveitarstjórnarráðherra vegna erindisins. Liðir 5-6 og 7/1 og 7/2 eru teknir fyrir í umræðum og endanlegrar afgreislur til aðalfundar undir lið 5 í dagskrá .

2. Frá landshlutasamtökum.

2/1 SASS: 435. Fundur 13. ágúst 2010. Lagt fram til kynningar.

2/2 LHSS fundur sveitarstjórnarráðuneytið 16. ágúst 2010

Framkvæmdastjóri fór yfir tilurð fundarins og umræðuefni.

.Niðurstöður og tillögur starfshóps sveitarstjórnarráðherra (Hólmfríðraskýrslan2009) samþættingarhlutverk landshlutasamtakanna úti í landshlutunum.(Hermann Sæmundsson og Stefanía Traustadóttir). Þar kom fram að styrkja eigi landshlutasamtökin með því að færa til þeirra aukin verkefni t.d. með samþættingu svæðisbundinna áætlanar og verkefna s.s svæðisskipulags. Elin Pálsdóttir fór yfir helstu breytingar sem fyrirhugaðar eru á jöfnunarsjóðnum. Farið var yfir sameiningarmál og eflingu sveitarstjórnarstigsins í landshlutunum . HS lagði áherslu á að allt þetta kjörtímabil eða til 2014 hafa landshlutarnir til að skoða kosti og galla og bestu leiðir að markmiðinu.

3. FRá Sambandi ísl. sveitarfélaga

3/1 Námskeið um lýðræði . Lagt fram til kynningar.

4. Samgöngu og sveitarstjórnaráðuneytið .

Efni : Jöfnunarsjóður/ bréf 29.07.10

Í bréfinu kemur fram, undirritað fyrir h. ráðherra Ragnhildur Hjaltadóttir og Elín Pálsdóttir, að hafin verði vinna við innleiðingu á tillögum starfshóps ráðherra sem falla undir valkost 1 og valkost 2. Þ.e. nauðsynlegar breytingar á núgildandi reglum og innleiðingu á nýju fyrirkomulagi útgjalda jöfnunar þar sem tekjujöfnunarframlag sjóðsins í núverandi mynd er lagt niður. Stefnt er að því að þær breytingar taki gildi 1. Janúar 2011.

Stjórn SSA útrekar samþykkt sína frá stjórnarfundi 2-26. Júlí sl. liður 4.

5. Afgreiðsla ársreikninga 2009 og áætlana 2010 og 2011.

5/1 Ársreikningur SSA 2009 (sjá 5.lið fundargerð SSA 2-26.07.sl.)

Farið yfir fyrir liggjandi ársreikning og greinargerð.

Stjórn SSA samþykkir fyrirbyggjandi ársreikning SSA 2009 og vísar honum til endanlegrar afgreiðslu 44. aðalfundar SSA

5/2 Ársreikningur HNM 2009 (Sjá 6. lið fundargerð 26.07 sl)

Farið yfir fyrirbyggjandi ársreikning og greinargerð.

Stjórn SSA samþykkir fyrirbyggjandi ársreikning HNM 2009 og vísar honum til endanlegrar afgreiðslu 44. Aðalfundar SSA.

5/3 Fjárhagsáætlun SSA 2010 , endurskoðuð .(Sjá 7/1 lið 26.07 sl.)

Farið yfir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun og greinargerð

Stjórn SSA samþykkir fyrirbyggjandi endurskoðaða fjárhagsáætlun SSA 2010 og vísar henni til endanlegrar afgreiðslu 44. aðalfundar SSA

5/4 Fjárhagsáætlun SSA 2011. (Sjá 7/2 lið 26.07 sl.)

Farið yfir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun og greinargerð:

Stjórn SSA samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun SSA 2011 og vísar henni til endanlegrar afgreiðslu 44. aðalfundar SSA

6. Minningarsjóður Ragnhildar og Stefáns P. (HNM)

6/1 Ársreikningur Minningarsjóðs R.S. 2009 .

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirbyggjandi ársreikning og samanburðarskýrslu skoðunarmanns sem hefur undirritað ársreikninginn.

Tekjur með fjármunatekjum að frádregnum skatti er alls 706.315.

Gjöld : Styrkveitingar 2009 + annar kostnaður er alls 1.100.000.

Hagnaður ársins (tap) sjóðsins er (356.722)

Eigið fé 31/12 alls kr. 5.841.714.

Fram kemur í samanburðarskýrslu skoðunarmanns að árinu 2009 hafi verið úthlutað 417.350 kr. umfram hámarksúthlutun samkvæmt heimild.

Í umræðum kom fram að tími er til kominn að endurskoða skipulagsskrána eins og heimild er til .

Stjórn SSA samþykkir fyrirbyggjandi ársreikning Minningarsjóðs 2009.



6/2 Umsóknir í Minningarsjóðinn 2010.

Nöfn umsækjenda í stafrófsröð

- 1.Álfheiður Björgvinsdóttir 041088-3709 L.H.Í Tónl- deild. 2. ár Tengsl.
(Á.B. fékk styrk 2009)
- 2.Davíð Pálsson 121192 USA skóli ??
- 3.Egill Gunnarsson 041088-3549 LBHÍ HV. Búvísindi 2. Ár.
- 4.Eva Þórey Sigurðardóttir 211189-3719 Hjúkrunarfræði –Universiti-Boston 1. Ár
- 5.Hallveig Kristín Eiríksdóttir 091290-2359 Háskóli List-Bandaríkin 1. Ár. Tengsl
- 6.Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir 210560- 2979 HÍ- Bifröst 4.ár .Tengsl.
- 7.Pedro Luis Carvalho 011291 USA skóli ??
- 8.Kári Gautason 270189-3699 St. MA 2010 –LBHÍ Búvísindi -1. Ár.
- 9.Þórunn Sigurðardóttir 161191-2649 LBH HV Búfræði 2. Ár.

6/3 Veittir styrkir 2010.

Farið yfir fyrirleggjandi umsóknir , sem áður höfðu verið sendar stjórn til skoðunar. Eftir yfirferð umsókna og með vísan til samanburðar skoðunarmanns leggur formaður til að styrkuppþæð í ár verði *alls kr. 600.000.*
Veittir verði 6 styrkir hver að upphæð 100.000. kr

Eftirtaldir umsækjendur hljóta styrk 2010.

Egill Gunnarsson 041088-3549 .

Eva Þórey Sigurðardóttir 211189-3719

Hallveig Kristín Eiríksdóttir 091290-2359

Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir 210560- 2979

Kári Gautason 270189-3699

Þórunn Sigurðardóttir 161191-2649

Stjórn SSA samþykkir tillögu formanns og felur framkvæmdastjóra SSA að greiða styrkhöfum.

7. Staða sérverkefna fyrir 44. Aðalfund.

7/1 Framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga og stoðstofnana :

Formaður upplýsti að Björn Ingimarsson bæjarstjóri Fljótsdalshérði hafi verið skipaður í starfshópinn í stað Eiríks Bj. Björgvinssonar, Hann gerði grein fyrir því að fundir hafi verið haldnir með menningarráði og menningarfulltrúa (Reyðarfirði) og stjórn ÞFA og framkvæmdastjóra (Egilsstöðum). Frekari fundir eru fyrirhugaðir. Vilji er til þess að skoða saman fyrirkomulag sem starfshópurinn hefur kynnt í sumar og sækir m.a fyrirmynd í SSV og SSVN. Formaður mun kynna stöðu verkefnisins á aðalfundinum. Starfshópurinn og fulltrúar ÞFA og MRA munu setja saman tillögu til aðalfundar með það að markmiði að ná ásættanlegri niðurstöðu um framhaldið.

7/2 Yfirfærslan á þjónustu við fatlaða .

Framkvæmdastjóri upplýsti að Sigrún Harðardóttir Fljótsdalshéraði hafi verið tilnefnd í starfshópinn í stað Eiríks Bj. Björgvinssonar.Hann sagði frá því að fulltrúar félagsþjónustusvæðanna tveggja í samvinnu við starfshópinn og Svæðisskrifstofuna eru að vinna með og skipuleggja hjá sér móttöku á þjónustunni. Fundir starfshópsins og fulltrúa þjónustusvæðanna eru framundanna og þar verður m.a rætt um byggðasamlagið –faglegan þjónustuhóp-fyrirkomulag þjónustunnar hjá þjónustusvæðunum- fjárhagsrammann og fl. Staða verkefnisins verður kynnt á aðalfundinum.



7/3 AU1 Sveitarfélagið Austurland .

Framkvæmdastjóri upplýsti að Jens Garðar Helgason bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð hafi verið tilnefndur í starfshópinn í stað Smára Geirssonar. Fundir eru framundan í starfshópnum. Fyrir liggur að hægt hefur á verkefninu í sumar og allnokkuð vantar á að nægar upplýsingar liggi fyrir um kosti og galla til að leggja megi raunhæft mat á þá til niðurstöðu. Ennfremur liggur ekki fyrir hvernig ríkið hyggst mæta óskum starfshópsins um framkvæmdir til framtíðar t.d. í samgöngmálum. Starfshópurinn er sammála um að verkefninu verði haldið áfram og mun leggja fram tillögu til aðalfundar um að svo verði. Framkvæmdastjóri mun kynna stöðu verkefnisins á aðalfundinum.

7/4 20/20 Sóknaráætlun landshluta.

Framkvæmdastjóri segir að verkefnið hafi að mestu legið niðri í sumar . Einn fundur hefur verið. Hafliði Hafliðason framkvæmdastjóri ÞFA mun kynna stöðu verkefnisins á aðalfundinum.

7/5. Saga: Samstarfs á Austurlandi.

Ritverkið er að koma úr prentun næstu daga. Hér er um glæsilegt tímamótaverk að ræða sem segir sögu samstarfs sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna á Austurlandi. Það verður kynnt og afhent á aðalfundinum.

Hvatti hann stjórnarmenn að sjá til þess að aðildarsveitarfélögin kaupi bókina.

8. 44. Aðalfundur SSA 24. og 25. September nk.

8/1 Ungmenna og íþróttasamband Austurlands.Kynning.

Formaður leggur til að form. og framkvæmdastjóri UÍA kynni starfsemi UÍA á aðalfundinum eins og bréflæg ósk frá þeim þar um liggur fyrir. *Samþykkt.*

8/2 Dagskrá .

Drög að dagskrá rædd og hún frágengin. Framkvæmdastjóra falið að senda hana út til aðila í tæka tíð.

8/2 Fyrirkomulag vinnu stjórnar fyrir aðalfund.

Stjórnarmenn mæti til stjórnarfundar 23. Sept kl. 17.00.

Formaður og framkvæmdastjóri í samráði við fundarhaldara (Páll-Breiðdalsvík) skipuleggja fundaraðstöðu- starfsamannahald annað það sem til þarf .

9. Önnur mál :

9/1 Erindi *Hrefnkels Lárussonar forstöðumanns Héraðskjalasafns.*

Efni : Breytingar á reglum Bókasafn Halldórs og Önnu :

Hrafnkell gerir grein fyrir stöðu málsins í ítarlegu bréfi.

P.B og Ó.S . sem þekkja vel til fóru yfir ferlið sem liggur að baki .

Eftir ítarlegar umræður var svohljóðandi fært til bókar.

Það er skoðun stjórnar SSA að drög þau að nýjum samningi um bókasafn Halldórs Ásgrímssonar og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttir , sem samþykkt voru af fulltrúarráði Héraðsskjalasafnsins 2009 hafi verið edlileg breyting á samningi frá 1976. Drögin voru send aðildarsveitarfélögunum og voru flest ánægð með þau. Stjórn SSA telur ljóst að þær reglur sem stjórn Héraðsskjalasafnsins hefur nú samþykkt þurfi samþykki Fulltrúaráðs í haust og því edlilegt að þær fari áður til umfjöllunar í sveitarstjórnnum fyrir þann fund.

9/2 Svæðisútsendingar RÚV á Norður og Austurlandi . Tilnefning í starfshóp.

Stjór Eyþings hefur samþykkt að setja á fót vinnuhóp til að gera tillögu um útsendingar á Norður og Austurlandi. SSA og SNV er boðið að tilnefna í starfshópinn.



Stjórn SSA samþykkir að þekkjast boðið og felur Guðmundi Ólafssyni í samvinnu við bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs að tilnefna fulltrúa. Fljótsdalshérað leiddi viðræður fyrir sveitarfélögin og SSA við RÚV á sínum tíma í vetur leið.

9/3 Menningarverðlaun SSA 2010.

Framkvæmdastjóri upplýsti að auglýst hafi verið eftir tilnefningum til menningarverðlauna SSA 2010 með fresti til 20. Sept. sl.

9/4 Iðnaðarnefnd Alþingis : Byggðaáætlun .

Framkvæmdastjóri sat símafund við Iðnaðarnefnd alþingis 20. gúst sl. þar sem hann ræddi og fylgdi eftir umsögn og athugasemdum stjórnar SSA við Byggðaáætlun.

Fleira ekki tekið fyrir og formaður sleit fundi kl. kl. 19.15.

Stjórnarmenn fóru síðan í boði Vopnafjarðarhrepps m.a. í sundlaugina við Selá . Þar var umhverfið skoðað og farið í laug og potta áður en haldið var til kvöldverðar á hótelinu . Gestur í kvöldverði var oddviti sveitarstjórnar Þórunn Egilsdóttir. Sátu stjórnarmenn síðan saman fram eftir kveldi og ræddu málin þar til gengið var til náða.

Formaður og Framkvæmdastjóri sátu fund morguninn 31. Ágúst kl. 09.00 með nokkrum fulltrúum sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps . Þar kynntu þeir helstu verkefni sem SSA vinnur með.

Sign:Þorvaldur Jóhannsson